

## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **23-053F015**

Dags: **29. júlí 2023**

Staður: **Í Múlakoti**

Lýsing: **Ók á svifvængjamaðmann í landingarbruni**

Flugvöllurinn í Múlakoti er óstjórnaður flugvöllur, en flughátíð var haldin þennan dag á flugvöllinum og því þar mikil umferð loftfara.

Átta svifvængjamenn sem flugu mótorsvifvængjum (powered paraglider) voru að koma inn til landingar í Múlakoti. Þessi loftför eru útbúin þannig að svifvængjamaðurinn situr í sæti sem er með áfesta móturviftu á bakinu.

Þegar svifvængjamennirnir komu inn til landingar í Múlakoti, urðu þeir varir við flugvél TF-KAU (Boeing PT17), sem fór í tvö fráhrarfsflug á meðan þeir voru að lenda í Múlakoti.



Flugmaður flugvélarinnar (TF-KAU) sem hugðist lenda á flugvelli í Múlakoti, varð einnig var við umferð svífvængjamanna (paragliders) og fór því í tvö fyrrgreind fráhrarfsflug fyrir flugbraut 29.



Þegar flugmaður TF-KAU var undan vindi, sunnan við flugbrautina í Múlakoti, eftir seinna fráhrarfsflugið, sýndist honum að flugbrautin væri auð. Taldi hann að allir svífvængjamennirnir væru lentir og ákvað því að koma inn til landingar. Þegar flugmaður TF-KAU kom inn á þverlegg fyrir flugbraut 29, austan við flugvöllinn, leit hann aftur á flugbrautina og þá sýndist honum að flugbrautin væri auð, en sá að úti í kanti hennar var einn svífvængjamaður að ganga frá svífvæng sínum. Hélt flugmaður TF-KAU því umferðarhring sínum áfram og beygði inn á lokastefnuna. Í fyrri hluta lokaaðflugsins á lokastefnunni hafði flugmaðurinn útsýn yfir flugbrautina og taldi hann að flugbrautin væri ennþá auð og lenti flugmaðurinn flugvélinni svonefndri þriggja punkta landingu.

TF-KAU er stélhjólsvél og ef lent er þriggja punkta landingu þá er lent á öllum hjólunum samstundis og því er nef hennar reist, sem takmarkar útsýn flugmannsins fram á við. Flugmaður TF-KAU sat í aftara sæti hennar og sá hann því ekki fram á við í flugbrautarstefnuna í landingarbruninu.

Þegar flugmaður TF-KAU lenti á flugbrautinni, voru ekki allir svífvængjamennirnir lentir. Sá sem var númer sjö (af átta) í röðinni var á flugbrautinni, nýlentur og að ganga frá svífvæng sínum. Þá varð hann var við flugvélina koma í landingarbruni fyrir aftan sig og stefna á sig. Svífvængjamaðurinn kastaði sér til vinstri til þess að verða ekki undir vinstra dekki flugvélarinnar, en við það fór mótör svífvængjarins upp í vinstri væng flugvélarinnar.

Flugmaður TF-KAU varð var við að flugvélin rakst á eitthvað og taldi hann að flugvélín hefði þá verið á um 20 hnúta hraða og hann við það að fara að bremsa í landingabruninu, sem hann þá gerði. Samkvæmt flugmanni TF-KAU kom slynkur á flugvélina og er talið að það hafi gerst þegar svífvængur svífvængjamaðmannsins festist í vinstra hjóli flugvélarinnar og hún hóf að draga svífvængjamaðmanninn á eftir sér.

Nauðhemlaði þá flugmaður TF-KAU og reis flugvélín þá fram á nefið og loftskrúfan fór í jörðina, en þá sleppti flugmaðurinn hemlunum til þess að flugvélín steypst ekki fram yfir sig og seig hún þá aftur niður á stélhjólíð.

Talið er að svífvængjamaðurinn hafi dregist á eftir flugvélinni um 10-15 metra áður en að hún stöðvaðist að fullu. Skemmdist mótorsvífvængurinn, loftskrúfa sem og vinstri vængur flugvélarinnar nokkuð við áreksturinn, auk þess sem svífvængjamaðurinn kenndi sér minniháttar eymsla.

**Mikilvæg ábending:**

RNSA beinir því til forsvarsmanna flughátíða á óstjórnunum flugvöllum að radíómaður á jörðu miðli upplýsingum til flugmanna um umferð sem ekki er í talstöðvasambandi.

RNSA lokaði málinu með bókun á nefndarfundi þann 2. maí 2024.